

ARNALDUR INDRÍÐASON

RITPING

17. APRÍL 2004



ARNALDUR INDRIDASON

Þann 17. apríl 2004 sat Arnaldur Indriðason rithöfundur fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Örnólfur Thorsson íslenskufræðingur. Í hlutverki spyrna voru þær Katrín Jakobsdóttir íslenskufræðingur og Kristín Árnadóttir framhaldsskólakennari.

Örnólfur:

Eins og fram hefur komið þá hefur tekist mjög gott samstarf milli lögreglunnar og Gerðubergs sem er sjaldgæft í tengslum við Ritþing. Þannig að þegar dagskránni sleppir verður opnuð sýning sem sprottin er af upphafssiðum *Mýrarinnar* og er vettvangur morðs í Norðurmýrinni. Þá hefur Hólmfríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri listadeildar Gerðubergs, haft veg og vanda af sýningarkössum í sýningarrýminu hér á efri hæð. Sex þeirra eru helgaðir bókum Arnaldar og sá sjöundi er helgaður Erlendi, hinum þjóðlega spæjara.

Íslenskar spennusögur áttu lengi vel erfitt uppdráttar og ég held að það sé ekki hallað á nokkurn mann þó að fullyrt sé að með sögum Arnaldar, sem eru sjö talsins, hafi íslenska spennusagan náð fullum þroska og blóma og fundið þann tón sem sannfærði íslenska lesendur um að spennusögur um íslenskan veruleika, jafnvel svo rammíslenskan sem kvótakerfið og Jón Sigurðsson, væru snjöll aðferð til að skoða innviði samfélagslegra aðstæðna, breytur okkar og róleysi; og að slíkar sögur væru góðar bókmenntir.

Fyrsta bók Arnaldar, *Synir duftsins*, kom út árið 1997. Í *Sonum duftsins* kynnir Arnaldur til sögunnar lögreglumennina Erlend, Sigurð Óla og Elínborgu, og eru þau fyrir löngu orðnir kærir vinir á íslenskum heimilum; og reyndar fleiri heimilum með glæsilegum framgangi verka Arnaldar í Þýskalandi, Svíþjóð og víðar. Í *Sonum duftsins* birtast þegar skýrir og mótaðir margir höfuðkostir hans sem höfundar. Hugmyndarík og sannfærandi flétta atburða, eftirminnilegar og litríkar persónur, agaður og knappur stíll, húmor og launfyndni; og svo auðvitað það sem allar spennusögur þurfa að hafa - spenna og óvænt málalok. Frá árinu 1997 hefur Arnaldur sent frá sér bók árlega. Fimm þeirra halda áfram að skyggjast í innviði íslensks samfélags í félagi við Erlend, Sigurð Óla og Elínborgu, en hún hefur fengið aukið svigrúm eftir því sem bókunum hefur fjölgað; og samhliða því hefur mynd tvíeykisins Sigurðar og Erlendar dýpkað og við höfum fengið að vita meira um einkahagi þeirra og flókið fjölskyldulíf. Ekki síst erfitt samband Erlendar við dóttur hans Evu Lind en hún ratar mjög víða um íslenska glapstigu í þessum bókum.

Tvær af bókum Arnaldar, *Napóleons skjölin* og *Betty*, eru af öðrum toga. Sú fyrrnefnda er í ætt við hasarsögur og þar koma Erlendur og félagar hans lítillaga við sögu. *Betty* er hins vegar af ætt hinna myrku sagna og hefur afar óvænta lykkju í frásögn, eins og við vitum, og sem vekur upp ný vandamál fyrir höfundinn frá málfræðilegum sjónarhóli út af n-reglum í íslenskunni. Auk þess sem í *Bettyju* eru konur í öllum burðarhlutverkum. Arnaldur hefur líka samið leikgerð fyrir útvarp úr fjórum af bókunum fimm um Erlend og jafnframt kvikmyndahandrit; annað byggt á *Dauðarósum* og hitt á *Napóleons skjölunum*. Vonandi verða bæði verkin kvikmynduð áður en langur tími líður. Þá er í bígerð kvikmynd sem er byggð á *Mýrinni*.

Arnaldur hefur tvisvar sinnum hlotið Glerlykilinn, Norrænu glæpa-sagnaverðlaunin; fyrir *Mýrina* 2002 og *Grafarþögn* ári seinna. Hann er sagnfræðingur að mennt og var blaðamaður um hríð og skrifaði í hálfan annan áratug reglulega kvikmyndagagnrýni í *Morgunblaðið*. Við ætlum að spjalla hér vítt og breytt um höfundarverk hans, tala um mótun og áhrifavalda, vinnubrögð, viðfangsefni og hrakninga á heiðarvegum að sjálfsögðu. Bíómyndir og fjölskyldur, heilar og brotnar, konur og karla í sögum Arnaldar og ofbeldi gegn konum og börnum. Samband

bræðra og spurninguna um það hvort við eigum að gæta meðbræðra okkar. Við ætlum ekki að hafa þetta á mjög fræðilegu plani. Reyna að hafa þetta eins létt og leikandi og hæfir þessum góðu sögum öllum. Síðan gefst færi á að spyrja Arnald úr salnum, fyrst fyrir lok þessa fyrri hluta, og síðan þegar dregur nærri lokum Ritþingsins.

Snemma beygist krókur

Örnólfur:

Við ætlum sem sagt að byrja í bernskunni og verðum að hefja spjall okkar á því að spyrja hvort þú hafir verið spennufíkið barn?

Arnaldur:

Nei, ég held ekki. Og ekkert gerðist í minni bernsku sem var tiltakanlega spennandi. Ég held að ég hafi átt mjög venjulega æsku ef hægt er að tala um það. Fjölskyldulíf mitt var ákaflega hversdagslegt. Ég er fæddur og alinn upp í Reykjavík, í Stóragerðinu, og sá nú ekki pabba minn nema kannski þegar hann átti sumarfrí. Mamma hélt heimilinu saman, við vorum fjórir drengir og við lékum okkur úti allan daginn. Það voru engar tölvur, ekkert net. Ég er oft spurður að því af hverju ég skrifi glæpasögur. Glæpasögur um þennan hroða allan. Ef ég á að leita að einhverju atviki í æsku minni sem gæti verið upphafið, þá man ég eftir því í Stóragerðinu einu sinni að það var glæpamynd í sjónvarpinu. Ég vaknaði eitthvert kvöldið og fór fram í stofu þar sem foreldrar mínir voru að horfa á ameríska gangsteramynd, sem ég komst að seinna að var *Little Sesar* með Edward G. Robinson, sem seinna varð minn uppáhalds leikari. Það eru leiftur úr þessari bíómynd sem eru algjörlega brennd og geymd í hugskoti mínu. Það má vel vera að þarna hafi þetta allt byrjað. Ég útiloka það ekki.

Örnólfur:

Hvað varstu gamall?

Arnaldur:

Ég var kannski þriggja ára. Þetta er ein af mínum fyrstu minningum, þessi gangsteramynd. Síðan gerðist nú svo sem ekkert sem ég get tengt því sem síðar varð nema að í Ármúlastólaskóla skrifaði ég ritgerð.

Eiríkur Brynjólfsson kenndi okkur íslensku og sagði okkur að skrifa ritgerð um leiðina í skólann, sem er mjög klassískt held ég fyrir svona verkefni, og ég gerði það. Ég er á leiðinni í skólann og verð var við að það gerist eitthvað á leiðinni í blokk í Háaleitinu. Það er verið að fremja glæp! Ég fékk A+ fyrir þessa ritgerð, ég tek það fram, og var mjög stoltur af því. Í MH skrifaði ég tvær stuttar smásögur; við vildum öll vera skáld í MH. Ég sá líka um Fréttabréfið með vinum mínum, Oddgeiri og Birni Jóhannssyni. Við bjuggum til framhaldssögu, sérú, sem birtist þrisvar sinnum í Fréttabréfinu og það var löggusaga. Allveruleg! Hann heitir Hróðmar Eyjólfsson, lögreglumaðurinn, er af Vestfjörðum, flámæltur, og vinnur við leyniþjónustu í Reykjavík og er sendur til Raufarhafnar í glæpaför. Þetta eru þeir póstar sem ég nefni þegar ég er spurður: „Af hverju glæpasögur?“ Að öðru leyti er ekkert í bernsku minni og uppleði sem skýrir allan þennan óhugnað sem er í bókunum mínum.

Örnólfur:

Pú varst í sveit í fimm sumur hjá Kristmundi á Sjávarborg en þá var hann að þýða Enid Blyton. Varst þú yfirlsari hjá honum?

Arnaldur:

Nei, en ég fékk nú að lesa sumt. Það er rétt að ég var í sveit í fimm sumur í Skagafirði, ekki á mínum ættarlóðum í Lýtingsstaðarhreppi, heldur inni í firði hjá Kristmundi og Hlíf Árnadóttur, miklu sómafólki. Hann var sístarfandi við eitthvað annað en að vera bóndi, meðal annars við að þýða Enid Blyton villt og galið, þessi sumur. Enid Blyton var í miklu uppáhaldi hjá mér eins og aðrar svona krakkasögur sem gefnar voru út á Íslandi. *Frank og Jói á Íslandi* voru í miklu uppáhaldi; maður las líka Bob Moran og Alistair McLean, Hammond Innes og Desmond Bagley. Það má vera að það hafi haft einhver áhrif á það sem síðar varð. Mér er alveg sama hvað ég er að lesa, hvort það þykir fínt eða ekki, ef sagan er góð, sögumaðurinn er góður. Þá er ég ánægður. Það skiptir engu máli hvort það eru Tinnabækurnar eða bækurnar um Ástrík eða *Moby Dick* eftir Hermann Melville. Ef það er almennilega sagt frá, ef það eru góðar sögur, þá er ég ánægður.

Örnólfur:

Nú var pabbi þinn, Indriði G. Þorsteinsson, einn af þekktustu

höfundum landsins. Mikill brautryðjandi í ritun raunsæissagna, sem margar fjölluðu um rótleysi sveitamanna á mölinni og vaxtarverki í borgarmeningunni. Heldurðu að það hafi laðað þig að þessu starfi, eða fælt þig frá því?

Arnaldur:

Ég held að það hafi alveg eins fælt mig frá því. Ég veit ekki hvort það er þannig hjá öðru fólki en maður vill ekki svo mjög herma eftir foreldrum sínum. Maður vill gera eitthvað annað. En maður var svo sem alinn upp á heimili rithöfundar og kynntist því starfi vel. Kannski hefur það blundað í mér að verða rithöfundur löngu áður en ég gerði eitthvað í því. Ég kláraði MH og fékk vinnu á Morgunblaðinu. Hef raunar verið sískrifandi alla ævi þó að það sé ekki allt skáldskapur. Ég finn mig mjög vel í því. Ég var „freelance“ á Mogganum og fór ekki í fast starf neins staðar. Hélt mér lausum fyrir sagnfræðina og ýmislegt annað og það má vel vera svona eftir á að hyggja að það hafi blundað sterkar í mér en ég vildi viðurkenna að skrifa og gerast rithöfundur.

Bíóáhrif og tíminn

Katrín:

Nú varst þú kvikmyndagagnrýnandi á Morgunblaðinu og það er skemmtilegt að þú segir frá því að þessi bandaríska glæpamynd, sem þú sást þriggja ára, sitji í þér og síðar verður þú kvikmyndagagnrýnandi. Heldurðu að kvikmyndirnar hafi haft áhrif á hvernig þú skrifar, til dæmis hvað varðar knappan stílinn, sviðssetningar og fleira?

Arnaldur:

Já, alveg absolút. Ég hef séð margar leiðinlegar bíómyndir sem eiga ekkert erindi og hafa ekkert að segja; það er ekkert að gerast í þeim, ekkert nema endalaus samtöl. Það sem ég er að leita að er eitthvað drifandi, eitthvað sem gerist, kveikir í þér og þú hefur áhuga á. Mig langar að segja frá því á þann hátt að það grípi lesandann. Það eru ákveðin tæknileg atriði sem koma inn í þá vinnu. Bækur, sem eru mikið yfir 400-500 síður, þurfa að hafa eitthvað mjög mikið við sig ef maður á að festast við þær. Ég vil hafa knappan stíl, stuttar lýsingar, stuttar karakterlýsingar. Ég vil ekki stoppa frásögnina með einhverjum

skáldlegum innskotum um eitthvað sem skiptir ekki máli. Ég vil drifa frásögnina áfram. Það er frá nógu að segja, það þarf ekkert að stoppa við. Eins og Martin Scorsese segir um ástaratriði í bíómyndum; hann þolir þau ekki af því að þau stöðva framvinduna. Allt í einu er fólk komið upp í rúm og það er ekkert að gerast.

Örnólfur:

Viltu nefna einhverja íslenska höfunda sem hafa haft áhrif á þig eða þú hefur sérstakar mætur á?

Arnaldur:

Ekki neina sérstaka. Maður las þessar krakka- og unglingabókmenntir og síðan þegar maður fór að lesa meira þá leitaði maður að góðum sögumönnum, til dæmis Knut Hamsun, John Steinbeck, Ólafi Jóhanni Sigurðssyni, ég hef mjög gaman af honum. Sérstaklega *Pálssögu*, þessu mikla þriggja binda verki. En ég var alltaf miklu meira í bíómyndunum. Ég fór ansi ungur að sækja bíó mjög stíft. Pabbi tók mig oft með sér. Hann sótti bíó og ég man eftir honum þrefandi við dyraverði hér og þar þegar myndir voru harðbannaðar. Það kom honum ekkert við. Seinna fór ég að fara sjálfur með vinum mínum og sá allt milli himins og jarðar. Það var alveg sama hvað það var. Ég held að áhrifin, án þess að ég viti það nákvæmlega, þessi bíómyndaáhrif séu mjög rík í sögunum sem ég fór síðan að skrifa.

Katrín:

Svo er það sagnfræðin. Þú fórst að læra sagnfræði og vinnur dálítið áfram með hana í sögunum. Stundum verða þetta eins og sögulegar skáldsögur, eins og til dæmis *Grafarþögn*, þar sem þú ert að skoða Reykjavík þegar hún er að byggjast upp, með því að láta söguna gerast á tveimur tímasviðum.

Arnaldur:

Já, ég er mikill áhugamaður um sögu og gamla tímann. Les mikið sögulegt efni. Ég hafði mjög gaman af því að skrifa *Grafarþögn*, þó að það sé kannski erfiðasta saga sem ég hef skrifað af því að það er mikið ofbeldi í henni, ljótt og grimmt. En þá fór maður að skoða tímann, skoða Reykjavík, og sú rannsóknarvinna var mjög skemmtileg. Það sem gerist í öllum mínum sögum er að ég leita til fortíðar. Skýringar

á atburðum nútímans eru einhvers staðar huldur í tíma. Það er þetta tímahugtak sem ég er að reyna að vinna með í *Grafarþögn*. Atburð sem á sér stað í ákveðinni fjölskyldu á stríðsárunum. Síðan sérðu hver afdrif hennar hafa orðið í samtímanum og kynnist þá einni aðalpersónunni, sem er Mikkalína. Þú sérð hvað tíminn hefur gert og hvað hefur breyst í lífi þessa fólks með tímanum. Fortíðarhyggjan í Erlendi er af sama meiddi. Hann lokar sig inni í blokk einhvers staðar umvafinn fortíðinni, í bókum, myndum og sérstaklega minningum. Ég er ekki algjörlega búinn að átta mig á hvað þetta er með tímann og lífið og mig en ég vona að ég geri það einhvern tímann. Ég veit að það hefur eitthvað að gera með tilfinningu fyrir því sem gerðist í fortíðinni og hvernig við lifum með því í nútímanum.

Örnólfur:

Getur ekki verið að margar af persónum þínum séu eins og dálítið frosnar, fastar í einhverju augnabliki í tíma, lokist inni í einhverju ástandi sem þær komast ekki út úr?

Arnaldur:

Ég held að það sé nákvæmlega lýsingin á því sem gerist. Maður er það oft sjálfur. Ég lít mikið til fortíðar og festist í minningum. Maður heyrir dægurlag og þá er maður kominn á einhvern stað og tíma sem var. Það er þessi tilfinning sem ég er að reyna að vinna með. Þetta tímahugtak. Tímann sem tortímandi afl.

Örnólfur:

Og læknar engin sár.

Arnaldur:

Og læknar engin sár.

Örnólfur:

Er það ekki rétt að þú hafi stigið fyrstu skrefin í þinni glæpasagnaritun á Morgunblaðsárunum?

Arnaldur:

Maður er alltaf að fá þessar spurningar um það af hverju maður fór að skrifa glæpasögur. Þá fer maður að leita í hirslum sínum og ég

man eftir að við Hjálmar Jónsson, blaðamaður á Morgunblaðinu og einn af okkar bestu blaðamönnum, vorum eitt sinn í eldhúsinu heima hjá honum og fórum að tala um bókmenntir og hvað hægt væri að gera með glæpasögur á Íslandi. Niðurstaðan varð sú að við ákváðum að skrifa saman glæpasögu. Þetta var fyrir 1990. Ég ætlaði að skrifa fyrsta kaflann, hann annan, ég þriðja og síðan koll af kalli. Við ætluðum að klára þessa bók á nokkrum vikum. Ég skrifaði fyrsta kaflann og er með hann hér af því ég gróf hann upp. Ég hélt reyndar að ég væri búinn að henda honum. Vinnuheiti sögunnar er „Engill í snjónum“. Mér sýnist vera dulnefni á henni. Þetta sögubrot, sem er fjórtán síður, er undanfari alls sem ég skrifaði síðar. Í þessari sögu, sem byrjar svolítið líkt og sagan *Dauðarósir*, er lögregluumaðurinn Pálmi Fjeldsted. Vinur hans í löggunni heitir Haraldur. Pálmi þessi er akfeitur, hann á í erfiðleikum með að reima skóna sína, hann á sjö systur og er mjög öfundaður af því hve vel þær hugsa um hann. Hann er kallaður systursonurinn í löggunni! Hann býr einn í íbúð í blokk. Ég ætla að lesa fyrstu málsgreinina:

„Líkið lá á bakinu með útrétta arma eins og krakki sem býr til engil í snjóinn. Það var stúlka um tvítugt með ljóst og krullað hár og dökkar augabryr, munnurinn var hálfopinn og augun störfu dauð upp í stjörnubjartan himininn. Það voru dökkblá augu, næstum svört. Hún var köld og náhvít í framan og langur grannur hálsinn var brotinn.“

Ég sendi Hjálmari þetta og beið alltaf eftir kafla tvö. Hjálmar var miklu uppteknari en ég og það gerðist ekkert. Síðan liðu árin og ég fékk þessa hugmynd um dópið í lýsispillunum sem er í *Sonum duftsins*. Ég veit ekki alveg hvort *Synir duftsins* sé partur af þessum löggusögum. Þessi Pálmi Fjeldsted varð fornboðkasali í *Sonum duftsins*. Var hann ekki í sagnfræði?

Örnólfur:

Jú.

Arnaldur:

Ég er að vinna við níundu bókina og er alveg orðinn ruglaður í þessu. Það er eiginlega aðalhlutverkið í *Sonum duftsins*. Erlendur kemur þar inn og Sigurður Óli og Elínborg. Pálmi er þessi maður sem í

Dauðarósum hverfur inn í Erlend, þeir eiga margt sameiginlegt. Þeir eru einstæðingar og eiga erfiða fortíð.

Örnólfur:

Þeir eru utangátta í tilverunni.

Arnaldur:

Algjörlega utangátta í tilverunni. Ég segi þetta með löggusöguna og *Syni duftsins* af því að ég held að hún geti átt meira heima með *Napóleónsskjölunum* og *Bettyju* jafnvel, af því að hún fer út í vísindaskáldskap að lokum. Það var mikil umræða um einræktun á þessum tíma og ég tek hana inn í þessa sögu. Ég held að það sé ekki fyrir en í *Dauðarósum* sem ég tek ákvörðun um að búa til seríu um Erlend Sveinsson, lögreglumann. *Dauðarósir* eru upphafið að því.

Kristín:

En þegar þú tekur ákvörðun um að skrifa seríu um Erlend Sveinsson, er það þá meðvitað í þessari lögreglusagnahefð eða hafðir þú einhverjar fyrirmyndir? Varst þú undir áhrifum frá einhverjum öðrum höfundum sem þú hafðir lesið markvisst eða smitast af?

Arnaldur:

Nei, það var ekkert markvisst í þessu, því miður. Ég ákvað að skrifa söguna og fannst Erlendur mjög skemmtilegur karakter strax í *Sonum duftsins* og var með ákveðnar hugmyndir um hann. Hvaðan hann kemur, fortíð hans og hvernig hann vinnur. Maður er mikill neytandi þessara sagna og sérstaklega þátta og bíómynda um þessa menn sem eru drykkfelldir einstæðingar með erfiða fortíð og allt þetta. Þannig að honum er mjög í ætt skotið við þá alla saman. Svona Taggart, Martin Beck, eða eitthvað slíkt. Auðvitað sér maður þetta og mótar Erlend úr þessu. En það sem maður gerir er að finna honum einhver sérkenni. Þó svo að löggur séu margar eins í norrænum sakamálasögum þá hafa þær einhver sérkenni og ég fékk þá hugmynd að gera Erlend eins íslenskan og mögulegt er. Þótt ég viti í sjálfu sér ekkert hvað það er að vera mjög íslenskur.

Kristín:

Hann er allavegana mjög íslenskur.

Arnaldur:

Já, ég býst við að hann sé það. Það var einhver gagnrýnandi sem talaði um *Grafarþögn* og fann henni til foráttu að Erlendur kæmi af landsbyggðinni og fyndi sig ekki í Reykjavík. Að þetta væri úrelt. Faðir minn hefði afgreitt hana með *79 af stöðinni*, fjórutíu árum fyrr. Ég held að þetta sé alrangt. Þetta er algjörlega saga okkar í dag, þessi ofsalegi flutningur fólks af landsbyggðinni. Allt þetta fólk sem er að koma úr umhverfi sem það er alið upp í og týnir sér í Reykjavík í litlum blokkaríbúðum. Þetta er saga Erlendar og er partur af því sem gerir hann íslenskan. Annað er auðvitað þessi áhugi Erlendar á þjóðlegum fróðleik og atburðurinn sem henti hann í æsku og sagt er frá í *Grafarþögn* og tengist áhuga hans á mannhvörfum og hrakningum á heiðarvegum. Erlendur er líka mjög þjóðlegur; hann myndi aldrei fara inn á McDonalds og hann myndi aldrei panta sér pítsu!

Örnólfur:

Aldrei borða þorramat sem menn í amerískum kúrekafötum mundu servera hann með.

Arnaldur:

Nei, einmitt.

Kristín:

En hann borðar nú örbylgjufæði. Af illri nauðsyn.

Arnaldur:

Já, hann borðar tilbúnu réttina.

Kristín:

Það er líka fyrir sjálfstæða Íslendinga.

Arnaldur:

Hann myndi kaupa kjötsúpu í slíkri pakkningu. Síðan er hann ofsalega lokaður og misheppnaður maður. Öll hans ævi er misheppnuð. Mér hefur fundist mjög skemmtilegt að kynnast honum betur og betur, sögu eftir sögu. Og ég er ennþá að því. Við erum bara í miðri sögu, í rauninni, af Erlendi. Það eiga hlutir eftir að koma fram, vona ég, og hann á eftir að hitta fleira fólk og vonandi konu. Hann er nú kominn í

samband við konu núna en það er margt eftir.

Katrín:

Það er einmitt skemmtilegt vegna þess að þetta eru glæpasögur og þær tengjast vissulega þessari skandinavísku hefð sem við þekkjum. Það er viss skyldleiki en það er svo margt annað sem kemur inn í þetta. Það er sögulega skáldsagan sem kemur inn í þetta, það er lögreglusagan og það er saga einstaklingsins Erlendar; svona mannleg saga. Það er það sem er svo skemmtilegt þar sem glæpasögur hafa þann stimpil að vera einhvers konar formúla. En þú ert mikið að prófa þig áfram með formgerð í sögunum. Eins og sést til dæmis í *Grafarþögn*, sem segir tvær sögur á tveimur sviðum; í *Röddinni*, sem gerist í afmörkuðu rými á sjö dögum inni á þessu hóteli, og síðan ertu á enn nýrri brautum með *Bettýju*. Það hlýtur að vera krefjandi að skrifa inn í glæpasagnahefðina en vera alltaf að gera tilraunir með formið.

Arnaldur:

Já, akkúrat. En það er einmitt mjög gaman að skipta um og breyta til. Það er mjög gaman að fara úr Erlendi í *Bettýju*, sem eru gjörólíkar sögur, og svo í *Napóleonskjölin*. Það er mjög gaman að reyna við þetta. Ég á eftir að skrifa fleiri svoleiðis sögur, vona ég. Þó að Erlendur sé mikill vinur minn þá getur maður ekki verið með honum alla daga. Maður þarf að breyta til. Tvískipta sagan í *Grafarþögn* er eitt dæmi og síðan *Röddin*. Hún er Agatha Christie sagan mín. Ég ákvað að skrifa Agöthu Christie sögu; þar er þessi herragarður, þessi lokaði heimur, lítill tími, fáar persónur og þar snýst alltaf spurningin um það hver framdi glæpinn. Yfirleitt er það ekki spurning sem er mjög krefjandi fyrir mig. Mér finnst það ekki vera lykilatriði hver framdi glæpinn. Yfirleitt er sagan sem ég vildi segja búin þegar ég þarf að klára það dæmi.

Kristín:

Enda sér maður að þetta er eina sagan þar sem lögreglumaðurinn kemur og hirðir glæpamanninn. Í öllum hinum sleppur hann eða hverfur.

Arnaldur:

Maður vill segja glæpasögu en maður vill líka segja margt, margt

annað. Saga eins og *Grafarþögn* er þannig að ég vil fyrst og fremst fjalla um heimilisofbeldi. Þegar ég er búinn með þá sögu sem ég vil segja þá er kannski eitthvað eftir sem heitir plott og slaufan á það. Og þá verð ég að ganga frá því. En ég er löngu búinn að segja þá sögu sem ég vildi segja. Alveg eins og með *Mýrina*, með gagnagrunninn, um það hvernig þú finnur fjölskylduleyndarmál í einhverjum ofsalegum upplýsingabanka. Það getur verið bæði gott eða slæmt. Þegar allt er komið fram sem ég vil segja um það mál; af því að það er mikil saga hvaða áhrif gagnagrunnurinn getur haft í samfélaginu, þá verð ég að klára fléttuna. Og þá finnur maður leið til þess. Það getur auðvitað ekki verið út úr kú. Það er svo margt annað í þessum sögum en glæpur og spurningin um það hver framdi glæpinn. Hún er miklu skemmtilegri spurningin um af hverju glæpurinn var framinn.

Örnólfur:

Þú byrjar á viðfangsefninu, um hvað þú vilt fjalla, og síðan kemur plottið á eftir?

Arnaldur:

Já, það er alltaf þannig. Maður finnur út efnið, hvað sagan á að vera um. Ég nefndi *Mýrina*, þar er það þessi mikla umræða um gagnagrunninn og DeCode sem kveikir í mér. Hugmyndin að *Mýrinni* er mjög einföld. Ég sá fyrir mér mann sem situr við tölvu. Hann hefur brotist inn í einhvers konar gagnagrunna og er að bera fjölskyldu sína saman við einhverja sjúkdómasögu. Hann sér að það er eitthvað abnormalt í fjölskyldunni sem hann vissi ekki um. Hann er vísindamaður og hefði átt að vita um það. Hann er búinn að leita upplýsinga og finnur þarna svarið. Hann fer til mömmu sinnar og spyr hvað hafi gerst. Þá kemst hann að því að það hefur verið framinn hrottalegur glæpur og hann er ekki sá sem hann taldi sig vera.

Karakterar, húmor og hversdagsleg leiðindi

Örnólfur:

Lýsingar á vinnubrögðum rannsóknarlögreglumannanna eru fyrirferðamiklar. Segðu okkur aðeins frá því hvernig þú undirbýrð þennan þátt.

Arnaldur:

Ég held að þetta sé allt lygi sem ég er að skrifa. Því miður. Ég var svo feginn þegar ég heyrði Colin Dexter einu sinni segja, þegar hann var að skrifa um Morse, að hann hefði aldrei leitað neitt til lögreglunnar. Hann vildi ekki binda sig af því, hann vildi fá að skrifa það sem hann þyrfti að skrifa. Ef löggan hlær að því sem ég skrifa um, þá það. Ég vinn ekki mikið með löggunni. Ég hringi í Karl Steinar ef mig vantar eitthvað. Ég gerði það þegar ég var að vinna senuna í *Mýrinni* sem búið er að setja upp hér frammi í sýningarrýminu. Það finnst maður í íbúð í Reykjavík. Hann hefur verið myrtur og það berst tilkynning inn til lögreglunnar. Ég hringdi í Karl og spurði hann hvað færi í gang, hverjir fengju að vita um svona atvik, hverjir mættu á staðinn og hvað þeir gerðu og þar fram eftir götunum. Ef mig vantar svona atriði þá hringi ég eftir þeim en þetta eru ekki sögur um vinnubrögð lögreglunnar.

Kristín:

Nú hefur einmitt verið bent á að höfuðvandi þeirra sem skrifa svona lögreglusögur sé að skapa spennandi sögur og skemmtilega karaktera úr þessu dauðans leiðinlega hráefni, það er að segja rútínuvinnu lögreglunnar, samfélagsvandamálum, og að ógleymdum þessum óhamingjusama ættbálki. Hvernig berð þú þig að við að búa til spennandi sögur úr þessu hráefni sem er í eðli sínu hundleiðinlegt?

Arnaldur:

Ég held ég leiti svolítið til rithöfundar sem heitir Ed McBain. Hann er amerískur og er held ég búinn að skrifa í sextíu ár og skrifar tvær bækur á ári. Þetta eru mjög einfaldar löggusögur, algjörlega raunsæjar, og hann er örugglega í sambandi við lögreglumenn sem hjálpa honum. Það eina sem gerist er að það er framinn glæpur og löggan vinnur sína vinnu. Þetta er lögguhópur úr 87. hverfi í einhverri borg sem er sennilega New York. Þeir labba af stað og tala við fólk. Einhver þekkti þennan sem var drepinn og þeir fara og tala við þá sem hann bendir á og svona gengur öll sagan. Það gerist ekkert. Meira að segja þegar glæpurinn upplýsist þá er það eins og hver önnur vinna. Áherslan er öll á þetta banalítet sem fylgir því að vera lögga, allur þessi hversdaglegi hluti og leiðindi.

Kristín:

Hann hefur samt verið vinsæll í sextíu ár.

Arnaldur:

Það er eitthvað sem fær fólk til að lesa þetta; ég held að það séu karakterarnir og húmorinn. Ef þú hefur góða karaktera þá ertu í góðum málum, ekki bara löggurnar heldur líka allt annað fólk sem kemur við sögu. Það þurfa ekki að vera skotbardagar og sprengingar. Það þarf einhver að segja eitthvað smávægilegt á réttum tímapunkti og þá allt í einu eykst spennan. Ég held að ég hafi tekið hann, svona seinni árin, til fyrirmyndar. Ég held að það sé rétt hjá mér að þau Wahlöo og Sjöwall hafi þýtt Ed McBain áður en þau fóru í gang með sínar sögur. Þannig að áherslan er á þessi hversdagslegu leiðindi sem fylgja því að leysa morðgátur. Ef ég næ því einhvern tímann að sögurnar fjalli ekki um annað en enn einn dag í vinnunni, þá verður það frábært fyrir mig.

Katrín:

Það kom fram á málþingi, sem Félagsfræðingafélagið hélt um tengsl veruleika og skáldskapar í tengslum við sögur þínar, að lögreglumönnum finnst hálf skrýtið hversu vel þér tekst upp við að lýsa stemningu innan lögreglunnar. Þá erum við ekki að tala um þessi vinnubrögð heldur andlega stemningu.

Arnaldur:

Ég er bara feginn að heyra þetta. Ég hefði ekki getað ímyndað mér það. En hins vegar heyrði ég, af því að maður vill vita suma hluti, að það koma stundum upp árekstrar á milli gömlu karlanna í löggunni og svo nýju strákanna sem eru að koma inn. Sem eru svona eins og Erlendur og Sigurður Óli. Það er gamli og nýi tíminn. Nýju strákarnir eru ofsalegir gæjar kannski og gömlu karlarnir þola það ekki neitt sérstaklega vel.

Kristín:

Þetta er kannski líka spurning um menntun og menntunarleysi á milli þeirra tveggja, Erlendar og Sigurðar Óla, þetta er ákveðin minnimáttarkennd. Og á allt sem erlent er af því að Sigurður Óli leyfir sér að sletta á amerísku.

Arnaldur:

Jú, jú, og Sigurður er bara ekki skemmtilegur náungi. Ég myndi aldrei

geta unnið með Sigurði Óla til dæmis. Og Erlendur er oft alveg á mörkunum með það.

Kristín:

Er Erlendur ekki ósköp leiðinlegur í eðli sínu?

Arnaldur:

Jú, en öðruvísi. Hann er skemmtilega leiðinlegur. Sigurður er bara vonlaust dæmi.

Katrín:

En það er spennan á milli þeirra sem býr til húmorinn í sögunum og Sigurður Óli verður svona „sidekick“, eins og það heitir í bíómyndum, sem Erlendur getur skeytt skapi sínu á. Þannig að þú getur þróað karakter Erlendar í tengslum við Sigurð Óla.

Arnaldur:

Það er rétt. Það er svolítið illa farið með Sigurð Óla af því að maður upphefur svolítið Erlend með leiðindunum í Sigurði og ég er kannski að hugsa um að lagfæra það aðeins. Ég er ekki viss um að Sigurður sé svona ofsalega leiðinlegur. Ég á eftir að komast að því.

Samfélagssögur

Örnólfur:

Ég er að hugsa um að opna fyrir spurningar ef einhverjar eru úr salnum. Ef einhver myndi vilja skjóta spurningu á Arnald núna.

Gestur í sal:

Mig langar að vita um fíkniefnaheiminn sem þú skrifar um í bókunum. Færðu upplýsingar um hann frá lögreglunni? Eða hvar nærðu í þær?

Arnaldur:

Ég fæ þær flestar úr fréttum. Maður les blöðin, horfir á sjónvarp og hlustar á útvarp. Svo þarf maður svo ofboðslega lítið til að ljúga ofsalega stórt. Maður þarf ekki nema brot einhvers staðar frá til að geta búið til sennilega lygi og það trúá henni allir.

Gestur í sal:

Ég fæ það á tilfinninguna, Arnaldur, þegar ég hlusta á þig tala að þú sért að plata okkur. Að þú sért í raun og veru að nota spennusagnaformið til þess að skrifa raunsæissögur, svona „à la“ nítjándi öld. Það sem þú viljir gera sé að skrifa breiða þjóðfélagslega sögu með djúpri gagnrýni á samfélagið en þú bætir inn í, jafnvel næstum því eftir á, spennubræði til þess að lokka okkur til að kaupa og lesa söguna.

Arnaldur:

Jú, jú, ég held að það sé nokkuð til í þessu. Af því að glæpasögur; Henning Mankell sagði þetta þegar hann kom hér á bókmenntahátíð, eru kjörinn vettvangur til að fjalla um það samfélag sem maður býr í. Þetta eru hálfgerðar ferðasögur um samfélagið, byrja á einum punkti og enda á öðrum, og í leiðinni ferðu með persónurnar allt sem þú vilt. Löggan er svo frjálst því hún getur farið þangað sem hún vill. Þú getur tekið á öllu sem þér finnst skipta máli. Minn skilningur á því, sem hann sagði, var að það er ekkert betra tæki en löggusögur eða glæpasögur til að fjalla virkilega um, í víðasta skilningi, það samfélag sem þú býrð í. Það er það sem að ég er að reyna, það sem ég er að gera.

Gestur í sal:

Sérðu fyrir þér að þú gætir skrifað sögu sem ekki væri með svona morðplotti?

Arnaldur:

Ég hef ekki þælt í því.

Örnólfur:

Við ætlum núna að fá upplestur úr væntanlegri bók eftir Arnald en það er Oddgeir Eysteinnsson sem ætlar að lesa fyrir okkur úr henni. Hún hefur vinnuheitið *Kleifarvatn*. Vilt þú segja okkur aðeins frá henni?

Arnaldur:

Já, hún kemur út 1. nóvember 2004. Fyrsti kaflinn er um líkfund og sagan gerist eins og *Grafarþögn* á tveimur tímasviðum; á Íslandi í dag og í Leipzig á sjötta áratugnum og segir frá hópi íslenskra stúdenta sem stunda nám við Karl Marx háskólann.

(Oddgeir Eysteinnsson les kafla úr bókinni Kleifarvatn.)

Örnólfur:

Við fáum við miður ekki meira að heyra fyrr en 1. nóvember þegar bókin kemur út. En nú gerum við hlé.

HLÉ

Örnólfur:

Vinnuheitið er *Kleifarvatn* og sú bók hefst eins og fleiri bækur á líkfundu. Segðu okkur aðeins frá líkfundinum í bókum þínum.

Arnaldur:

Hann er í það minnsta mjög mikilvægur. Maður reynir alltaf að hafa hann skemmtilegan. Þetta er það tækifæri sem maður hefur til að láta lesandann detta inn í söguna. Vekja áhuga lesandans. Þetta er nokkuð sem spennusagnahöfundar velta mikið fyrir sér. Ég geri það sjálfur. Sá líkfundur sem ég er ánægðastur með í mínum bókum er í *Grafarþögn* þar sem lítið barn er að naga rifbein úr manni og það er læknanemi í afmælinu sem tekur eftir að það er ekki allt með felldu. Eins og í *Kleifarvatni* þá er húmor í þessu líka. Minn maður í spennumyndagerð er Hitchcock og hefur alltaf verið. Hann er mjög leikinn í því að blanda saman húmor og mjög hryllilegum glæpum. En semsé: Ef manni tekst að ná í lesandann á fyrstu síðunum, krækja í hann, þá er maður búinn að ná ætlunarverkinu.

Örnólfur:

Þar sem þú ert farinn að upplýsa um það hverjir koma við sögu og hverjir ekki, þá veit ég að það er brennandi spurning í salnum um hvort samband Erlendar og Valgerðar eigi framtíð fyrir sér.

Arnaldur:

Já, þetta er sú spurning sem brennur einna helst á fólki, sýnist mér. Ég get svo sem ekkert upplýst um það. Erlendur hittir Valgerði í *Röddinni*. Hún er meinatæknir og hjálpar honum með málið og hann einhvern veginn fær áhuga á henni. Hvert framhaldið verður veit ég ekki. Það er oft verið að benda mér á að senda Evu Lind dóttur hans

í meðferð og gefa honum tíma til að hitta konu. Það er fullt af konum sem vilja hugsa um svona mann eins og Erlend. Gerðu þetta og allt verður í lagi. Öll þessi nauð Erlendar og þessi lífsharmur mun hverfa með góðri konu. En ég held að það verði ekkert. Því miður.

Kynjafræði og ást

Katrín:

Nú sést að ást milli kynja eða þessi kynferðislega ást er svolítið problematísk í bókunum. Eins og Sigurður Óli; þrátt fyrir að hann finni ástina þá er hann lentur í miklum vanda í síðari bókum vegna þess að konan hans vill fara í barneignir en hann er ekki viss um að hann vilji það. Elínborg sem er alltaf að koma meira og meira inn í söguna; það er alltaf tekið fram að maðurinn hennar, bifvélavirkinn, hafi á henni matarást. Þannig að sú ást er öðruvísi en þessi ástríðufulla ást. Kannski tengist þetta því að þú fjallar dálítið um fjölskylduna en ekki sambönd sem byggja á þessari ástríðufullu ást.

Arnaldur:

Erlendur er fráskilinn. Hann hitti konu í Glaumbæ fyrir mörgum mörgum árum, hélt að hann væri ástfanginn og átti með henni tvö börn og þau giftust. Í *Grafarþögn* er þessi kafli um Erlend. Ég skrifa ekki mikið um ástina. *Kleifarvatn* er reyndar ástarsaga. Í *Grafarþögn* er kafli þar sem Erlendur er búinn að róta í rusli hjá Benjamín Knudsen, sem átti kærustu sem hvarf. Hann finnur ástarbréf þeirra. Bréf sem Benjamín Knudsen hafði skrifað kærustu sinni. Þetta eru litlar sendingar og það er eitthvað í þeim sem hreyfir við Erlendi. Eftir það fer hann á gjörgæsluna þar sem Eva Lind liggur og þar situr Halldóra kona hans yfir dóttur þeirra og Erlendur bakkar út. Hann vill ekki hitta hana, ekki sjá hana, hann vill ekki vesenið í lífi sínu sem áður var. Þegar hann er að hverfa aftur frá gjörgæslunni spyr hann sjálfan sig hvort hún hafi einhvern tímann verið hjartað hans. Er að vitna í Benjamín Knudsen. Ég býst við að það sé algjörlega óvíst hvort hann hafi einhvern tíma elskað. Það er ekki mikið af fólki í mínum sögum sem talar um ástina. En ég er að reyna með *Kleifarvatni* að fara kannski aðeins út á það svið. Því auðvitað er ástin stór hluti af okkar lífi.

Katrín:

Mig langar aðeins að halda áfram með þetta í tengslum við persónuna Marion Briem sem er svona huldupersóna í bókunum. Erlendi finnst eins og hann horfi í spegil þegar hann horfir á Marion Briem. Glöggir lesendur hafa tekið eftir því að það veit enginn hvort Marion Briem er karl eða kona. Sigurður Óli spyr hvers konar nafn Marion sé, hvort þetta sé karl eða kona, og þá segir Erlendur: „Veistu að ég bara eiginlega veit það ekki“. Samt kemur fram að hann hefur lært allt sem hann kann af henni, og hún eða hann minnir hann á hann sjálfan. Segðu okkur aðeins frá Marion Briem. Er þetta einhvers konar alterego Erlendar? Er þetta kynusli sagnanna?

Arnaldur:

Kynusli, ég vildi að ég vissi hvað það væri. Marion Briem. Karlkyns, kvenkyns í sögunni, ég átta mig ekki alveg á því. Pétur Már, vinur minn, sem gaf út *Syni duftsins* sagði að hún væri mjög strákaleg saga. Ekkert nema strákar og karlmenn. Svo fær maður meldingar um kvenímyndir. Fólk er að pæla í kynjum og kynjakvótum. Þannig að ég ákvað að búa til persónu sem ekki væri hægt að segja hvers kyns væri. Ég var kominn með þetta nafn, Marion, og var að segja Maríu Kristjánsdóttur, sem var yfir leiklistardeild RÚV, frá þessum nýja karakter en var ekki alveg kominn með hann á hreint. Ég sagði að hann hétu Marion Briem og þá spurði hún: „Marion, er þetta karl eða kerling?“ Og ég hugsaði með mér, hver veit?

Katrín:

Fáum við þá aldrei neitt að vita?

Arnaldur:

Það mun aldrei verða ljóst.

Katrín:

Það er þá allavegana túlkun fyrir bókmenntafræðinga. Þetta er verkefni.

Arnaldur:

Mér skilst að konur segi að hún sé kona og karlar segi að hann sé karl.

Kristín:

Þú passar þig líka að gefa engar vísbendingar með málfræðinni heldur. Forðast að gefa vísbendingar.

Arnaldur:

Það er oft mjög erfitt að skrifa um Marion.

Katrín:

Svona málfræði „detection“ svolítið.

Arnaldur:

Já, algjörlega. Einhvers staðar í einhverri bókinni eru mistök. Þetta er lesið yfir af fjölda manna og í einni bókinni er prentvilla og kynið kemur fram en við snarbreyttum því í endurútgáfunni. Þannig að það verður að fara í frumútgáfuna ef menn hafa áhuga á að vita það. En þetta voru mistök og gefa enga vísbendingu hvort Marion er hann eða hún.

Katrín:

Þetta er skemmtilegt og spennandi umfjöllunarefni og tengist líka *Bettýju*.

Arnaldur:

Já, *Bettý* er dæmi um þetta; hugmyndina um kynlausa einstaklinginn. Það var einmitt mjög gaman að skrifa þá sögu út frá henni. Og síðan að skella því framan í lesandann um miðja bók hvers kyns lögræðingurinn er. Það er saga byggð á amerískri glæpasagnahefð, sem er vel þekkt, og þetta var spurning um að finna íslenskt umhverfi fyrir hana og svo einhvern nýjan vinkel sem gerir hana svona aðeins frumlegri og ferskari. Þetta var nú lausnin.

Örnólfur:

Eigum við aðeins að tala um fjölskyldur í bókunum þínum?

Kristín:

Nú er það þannig, eins og þú komst aðeins inn á áðan, að þér eru fjölskyldur dálítið hugleiknar. Þær eru mjög áberandi í öllum þínum bókum hvort heldur um er að ræða sögur um Erlend eða aðrar bækur. En þetta eru ekki venjulegar fjölskyldur, þetta eru brotnar fjölskyldur að einhverju leyti. Af hverju er það?

Arnaldur:

Það er bara miklu skemmtilegra að skrifa um brotnar fjölskyldur heldur en fjölskyldur sem lifa í einhverri himnasælu. Ég held að við eigum svolítið af brotnum fjölskyldum. Fjölskyldan er grunnurinn í mínum huga. Fjölskyldan ætti að vera börnum skjól en oft er hún það ekki. Ég hef reynt að fjalla um það og *Grafarþögn* er gott dæmi. Eins er saga Erlendar tengd þessu en hann er svolítið vanræktur eftir að hann lendir í hrakningum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að fjalla um fjölskylduna, ekki síst í dag. Við þekkjum öll vandamál í fjölskyldum. Við þekkjum öll drykkjuvandamál og dópneyslu. Málefni fjölskyldunnar eru alltaf mjög ofarlega á baugi hjá mér. Það er eitt af þessum þemum eða efnum sem maður er alltaf að reyna að fást við innan glæpasögunnar. Reyna að segja eitthvað meira. Draga eitthvað fram sem skiptir máli og ég held að fjölskyldan skipti gríðarlega miklu máli.

Samhygð og mennska

Kristín:

Manni finnst það kannski alveg séríslenskt fyrirbrigði. Það er ekki eins algengt í bókum erlendra höfundu að fjölskyldan sé svona mikið grunnelement og í þínum bókum. Nú eru Íslendingar kannski fjölskyldubundnari þjóð, ef maður getur sagt svo, við byggjum meira á fjölskylduböndum en aðrar þjóðir. Kannski af því að við erum svo fá.

Arnaldur:

Sennilega er það skýringin. Það er kannski sérstaklega einn þáttur sem ég velti fyrir mér í mínum bókum og það eru samskipti foreldra og barna. Sem sagt þær kröfur sem foreldrar geta gert til barna sinna og hvað getur hugsanlega gerst ef þau standast ekki þær kröfur og börnin finna það, eins og í *Röddinni*. Af því börn eru mjög viðkvæmar verur. Það er það sem ég er að reyna að segja. Það þarf að fara varlega að þeim. Í *Grafarþögn* er það alls ekki gert, sem dæmi. Þar er lýst heimilisofbeldi sem viðgengst ár eftir ár eftir ár og áhrifunum sem það hefur á börnin í fjölskyldunni. Maður vildi lýsa mjög harkalegu, grimmilegu ofbeldi og stundum þurfti maður hreinlega að standa

upp og taka sér hlé. Samt vildi ég ekki gera neinar málamiðlanir. Ég vildi skrifa söguna eins og hún þurfti að vera. Þar eru börn sem þjást vegna ónýtrar fjölskyldu. Maður finnur hvað sagan hefur mikil áhrif. Að setja upp kringumstæður, eins og þar, sem eru mjög harkalegar og ósveigjanlegar. Ef tekst að skapa einhverjar umræður, ef það tekst að leggja eitthvað til málanna, þá er það til vinnandi.

Kristín:

Mér hefur stundum fundist eins og sögurnar þínar séu best heppnaða dæmið um raunsæissögur á Íslandi. Íslendingar hafa aldrei verið mikið fyrir raunsæisskaldskap en einhvern veginn hafa þeir aldeilis fundið sig í þínum sögum og það er ákveðinn móralskur boðskapur hefur mér fundist í Erlendi. Eins og þú sagðir áðan þá heldur þú upp á Erlend en finnst Sigurður Óli hundleiðinlegur. Sigurði Óla er alltaf lýst sem nútímamanninum á meðan Erlendur er þetta gamla með tenginguna við sveitina, gömul gildi og ákveðin þjóðleg gildi. Og þar af leiðandi ákveðna mennsku á meðan Sigurður Óli stendur frekar fyrir tæknihyggju. Er þetta mórall sagnanna, ákveðin mennska og samhygð?

Arnaldur:

Já, ég held það. Það sem fólk finnur í Erlendi er þessi samhygð. Eins og þú segir, mennska. Við vitum að hann þjáist og hann er næstum því helgur að einhverju leyti. Góð lýsing á Erlendi er þegar hann fer og hittir dópsala Evu Lindar í *Mýrinni*. Hann heitir Eddi og hefur sent einhverja handrukkara á Evu. Erlendur lendir í þessum handrukkurum. Hann hefur síðan upp á Edda sem sér Evu Lind fyrir dópi á einhverri búllu sem heitir Napóleon. Erlendur vill vita hvað hún skuldar honum og vill gera upp við hann og fær síðan að vita hvar Eva er. Eddi segir: „Hvað, ætlar þú ekki að vera með læti? Ætlar þú bara að fara og láta mig í friði?“. Erlendur hugsar með sér til hvers það sé að eiga við Edda. Hann veit að Eddi er ekki ástæðan fyrir því að Eva Lind er í rúst. Það er eitthvað allt annað. Og ef það er eitthvað þá er það hans eigin sök. Hann finnur það og veit það. Annað með Erlend er að hann finnur til með fólki, hann finnur til með fórnarlömbum glæpa sem hann er að rannsaka. Hann er sjálfur þjáður, á þetta ónýta líf. Maður er oft spurður að því af hverju líf lögreglumannsins þurfi að vera svona þjáningarfullt og ónýtt. Eitt af mínum svörum er að það geri hann að

betri löggju. Erlend varðar um það sem hann er að gera. Það er löggja í *Kleifarvatni*, sem hann þarf að eiga við, sem er allt sem hann er ekki og varð aldrei. Það er löggja sem nýtur feikilegrar velgengni í starfi, á gullfallegar dætur, sem eru í háskólanámi, og konu sem heldur ekki fram hjá honum. Þau búa í Garðabæ, eiga tvo bíla og líf þeirra er ein hamingja. Hvað á maður að segja um þennan mann? Erlendur þolir hann ekki vegna þess að hann er latur. Hann gerir aldrei neitt og það er ekkert sem snertir við honum. Ef hann hittir fórnarlömb morðingja, fólk sem hefur orðið fyrir hörmungum, þá varðar hann ekkert um það. Hann er alltaf að pæla í nýja jeppanum sínum. Hvort honum takist að skipta honum á þriggja ára fresti. Erlendur er allt annar karakter og það er miklu skemmtilegra að skrifa um mann sem þekkir þjáninguna, hefur lifað eitthvað, heldur en dauðyfli eins og hina löggjuna.

Örnólfur:

Erlendur er með tvöfalda byrði á bakinu, er það ekki? Annars vegar börnin, sem hann yfirgaf og fóru bæði í hundana, og svo er hann með drenginn sem hann týndi í hriðinni. Hann segir einhvers staðar: „Allt mitt líf hefur þetta verið mín sök, þótt ég viti vel og hafi vitað fyrir löngu að ég var of ungur til að taka á mig einhverja sök. Samt kvelur mann sektarkenndin eins og meinvarp sem dregur mann að lokum til dauða.“ Er það þetta sem gerir hann að góðum lögreglumanni?

Arnaldur:

Absolút. Það er mennskan. Sektarkenndin.

Kristín:

Og hann hefur ekki gætt bróður síns.

Arnaldur:

Erlendi finnst honum hafa mistekist, gert eitthvað rangt og tekur slysið á sig. Hann gerir það líka í öðrum málum. Þetta fylgir honum og hans karakter er byggður mikið á þessu. Hann vill komast til botns í málum, hann vill leysa þau, hann vill finna líkið, hann vill finna út hver er gerandinn. Bróðir hans hefur aldrei fundist. Það er eitthvað sem nagar hann alltaf. Hann hefur ekki lokið þessu og hann vill ljúka málum.

Örnólfur:

Af því að hann er að reyna að ljúka sínu?

Arnaldur:

Algjörlega, já.

Katrín:

Nú er Eva Lind mjög áberandi persóna í þessum bókum og öll hennar vandamál. Sindri Snær hefur verið meira í skugganum. Eigi að síður er maður orðinn svolítið forvitinn um samband Erlendar við Sindra Snæ, og að sama skapi vegna þess að þú hefur oft fengist við vandamál feðra og sona í málunum. Til dæmis í *Röddinni*, í *Grafarþögn*, í *Mýrinni*. Er eitthvað í uppsiglingu á milli þeirra?

Arnaldur:

Hugsanlega. Eva Lind hefur verið mjög áberandi og það er hún sem sækir í pabba sinn, það er ekki Sindri. Það er hún sem kemur og segir: „Hvar hefur þú verið allt mitt líf?“ Sindri svona fylgir á eftir. Hugsanlega þá kemur hann meira inn í og ég held að hann verði meira í *Kleifarvatni* heldur en hann hefur verið. Hins vegar út af hvarfinu; bróður Erlendar, þá hef ég oft verið spurður að því hver sé hinn íslenski glæpur. Er eitthvað til sem er íslenskur glæpur? Ég segi alltaf að það sé mannhvarfið án þess að ég hafi einhverja hugmynd um það en að það sé kenning Erlendar. Það er farið svolítið inn á þetta í *Grafarþögn* að hann er heltekinn af mannhvörfum. Hann les um þau og safnar þessum bókum með frásögnum af mannhvörfum eða dauða á fjöllum. Kenning hans er sú, og það kemur fram í *Grafarþögn* og er notað sem lausn fyrir fjölskylduna í henni, að það er ekki alltaf allt sem sýnist þegar maður fer af bæ og mætir ekki á áfangastað og hverfur. Það gerir kannski vitlaust veður og viðkomandi sýnir sig aldrei. Það er leitað að líkinu dögum saman og það finnst aldrei. Erlendur hefur þá kenningu að einhver hafi logið; maðurinn fór aldrei neitt. Það er svo auðvelt að nota afsökunina um íslenska veðrið, um íslenska náttúru. Þetta er svona element sem getur verið gaman að leika sér með. Ég veit ekki hvort mannhvörf á Íslandi eru meðhöndluð af einhverri léttúð, ég þekki það ekki. En af því að við þekkjum mannhvörfin, við vitum hvað það er þegar fólk hverfur í vondum veðrum, við eigum allar þessar sögur um það, þá finnst Erlendi stundum eins og það geti

verið notað sem skálkaskjól. Þetta er svolítið áhugaverð spurning, finnst mér, hvort eitthvað af mannshvörfunum tengist voðaverkum.

Örnólfur:

Þið eigið þennan áhuga sammerkta, þið Erlendur.

Arnaldur:

Já, það má segja það.

Örnólfur:

Einhvern tíma hefur verið sagt, ég þekki nú ekki alveg hvar, að sögur af þessu tagi, sem fjalla um teymi lögreglumanna, verði gjarnan tíu. Er þetta heilög tala eða hvað?

Arnaldur:

Nei, ég hef heyrt þetta áður. Sjöwall og Wahlöö skrifuðu tíu glæpasögur, settu þessa reglu. Þetta er í sjálfu sér ágætis regla því hver nennir að lesa fleiri en tíu bækur um sama manninn? Hins vegar held ég að þetta sé ekkert skráð í stein, ég held að maður verði bara að finna það sjálfur. Maður finnur það á sér hvenær nóg er komið. Ég er að skrifa sjöundu bókina um Erlend núna og það eru ennþá hlutir sem maður á eftir að skrifa um, maður finnur það. Þegar maður eru þurrausinn, hvenær sem það nú verður, og það þarf ekki endilega að vera tíunda bókin, þá held ég að maður finni einhverja útleið.

Kristín:

Veistu á þessu stigi hver sú útleið verður?

Arnaldur:

Já.

Erlendur Íslendingur

Örnólfur:

Svo hefur það líka verið einkenni á sumum bókaflokkum, erlendum, að þá hafa höfundar tekið markvisst fyrir eitt þema í hverri bók. Ef maður fer í gegnum þínar bækur þá er svona í hverri sögu eitt grunnþema sem

þú ert að fást við. Virðingarleysi fyrir manninum, inngríp í náttúruna, eiturlyf, kynferðislegt ofbeldi, heimilisofbeldi, samband barna og foreldra, þú vinnur þetta svona markvisst.

Arnaldur:

Já, efnislega hugmyndin kemur alltaf fyrst. Um hvað ég ætla að fjalla. Hún er alltaf á undan og síðan býr maður til fléttu. Ég hef í rauninni, þegar ég sest niður og byrja að skrifa bók, óljósar hugmyndir um hvað ég ætla að fjalla um. Og ég veit sjaldnast hvað mun gerast í sögunni. Ég byrja með þessar stóru hugmyndir og síðan koma milljón litlar hugmyndir á leiðinni. Ég veit eiginlega aldrei hver framdi glæpinn þegar ég byrja, oftast veit ég hver var drepinn. Þessi atriði koma síðar. Mér finnst að rithöfundar eigi að hafa eitthvað að segja. Þeir eiga að hafa eitthvert erindi, annars eru þeir ekki rithöfundar. Það er ýmislegt sem mér finnst ég hafa að segja, hafa fram að færa, og ég nota glæpasöguna til þess. Mér finnst það fínt, það skemmtir mér og vonandi lesendum.

Kristín:

En sumt er svona gegnumgangandi hjá þér. Það er til dæmis svolítið skemmtilegt af því að við erum búin að vera að tala um Erlend sem þjóðlega manninn sem er alltaf að leita í fortíðina og borðar þjóðlega matinn í Skúlakaffi og er málhreinsunarmaður mikill, að þú ert að sama skapi að varpa upp spurningum um þjóðernið. Eins og í *Dauðarósum* þar sem líkið finnst á leiði Jóns Sigurðssonar og það kemur í ljós að Erlendur býr til þessa leiðartilgátu um hann og að þetta tengist honum en enginn veit hver Jón Sigurðsson er. Það er einmitt einhver persóna sem spyr, mig minnir að það hafi verið Eva Lind: „Bíddu, Jón Sigurðsson, er hann í pimpinu?“ Erlendur er fullur af heimsósóma yfir þessu. Ertu svona markvisst að taka þetta fyrir þarna?

Arnaldur:

Ég held það. Ég hef svona svipaðar áhyggjur af þessu og Erlendur. Ekki bara af því að menn viti ekki hver Jón Sigurðsson er lengur eða lesi ekki Jónas Hallgrímsson, heldur líka vegna tungumálsins. Auðvitað breytist tungumálið og það á að þróast en Erlendur vill í lengstu lög halda því. Og öll þessi amerísku áhrif, þessar Hollywood-myndir, allir þessir tölvuleikir, allt þetta sem hefur svo mikil áhrif á börnin okkar

og þær kynslóðir sem eiga eftir að lifa í þessu landi. Hvað verður um okkur? Hvað verður um Ísland og Íslendinga? Ég hef eins og hann áhyggjur af því. Ég held að það sé alveg ástæða til þess.

Kristín:

Sem móðurmálskennari get ég ekki látið hjá líða að þakka þér fyrir málvöndunarstefnuna sem þú rekur í þessum bókum. Þetta er eitthvað sem nemendur taka eftir. Og hugmyndin um meðferðarstofnun fyrir þágufallssjúka finnst mér alveg stórkostleg. Það er eitthvað það snjallasta sem ég hef heyrt lengi. En er það líka meðvitað? Er það hluti af þessum þjóðlega arfi, bókmenntum, menningu og samfélaginu öllu saman?

Arnaldur:

Já. Eins og við vorum að tala um áðan með Erlend þá varð maður að finna á hann skemmtilegan vinkil. Þetta er lögga sem við sjáum alltaf í sjónvarpinu, við lesum um hann í bókum erlendis frá, hann á rætur í skandinavísku hefðinni og málið var að finna á hann eitthvað sem höfðar til okkar sem Íslendinga sérstaklega.

Kristín:

Já, þú gerir það meðvitað að gera hann íslenskan til að höfða til íslenskra lesenda?

Arnaldur:

Já, algjörlega. Þetta er mín sýn á hvað það er að vera íslenskur. Það er Erlendur. En hvort hún er rétt eða röng hef ég enga burði til að meta.

Örnólfur:

Þú hefur skrifað tvö kvikmyndahandrit upp úr bókum sem vonandi eiga eftir að verða að bíómyndum. Hefurðu eitthvað fengist við að skrifa handrit sem ekki eru unnin upp úr eða eru tengd bókunum þínum?

Arnaldur:

Já, reyndar. Við Óskar Jónasson höfum skrifað handrit sem er byggt á nýrri hugmynd en ekki úr bókunum. Ég veit ekki hvað ég get sagt mikið

um hana en handritið er til og Friðrik Þór er hugsanlegur framleiðandi. Við erum að hugsa um að fara kannski í gang með tükur í lok sumars. En með bíómyndir þá veit maður aldrei. Þetta er svo dýrt og erfitt að koma þessu á koppinn og ef þetta er allt saman á íslensku þá vill enginn setja pening í þetta. En það er vonandi að það verði.

Örnólfur:

Nú hafa sumar af þessum erlendu hetjum, Morse til dæmis og Wallander, fengið sjálfstætt líf í sjónvarpsþáttaseríum óháð höfundinum sem bjó þá til. Geturðu séð það fyrir þér að það muni gerast með Erlend, Sigurð Óla og Elínborgu?

Arnaldur:

Það er alveg hugsanlegt. Baltasar er með kvikmyndaréttinn að *Mýrinni*. Ég tók það strax fram að ég mundi ekki vilja taka neinn þátt í þeirri myndgerð nema síður sé af því að það verður gaman að sjá hvernig menn taka á því. Hvað menn sjá úr þessu, hvað þeir taka út, hvað þeir setja inn í. Ég mundi ekki vilja skipta mér of mikið af slíkum próduksjónum.

Örnólfur:

Þú mundir nú vilja hafa áhrif á hver leikur Erlend, er það ekki?

Arnaldur:

Ég veit það ekki. Eins og ég segi þá er þetta ekki mitt mál. Ég skrifa þessar sögur og finnst það alveg nóg.

Fulltrúi íslenskra gilda

Örnólfur:

Eigum við að taka spurningar úr sal?

Gestur í sal:

Má ég kannski spyrja hvort það er meðvitað að fulltrúi íslenskra gilda heitir Erlendur?

Arnaldur:

Það er algjörlega útpælt. Það eru þælingar á bak við nafnið á Erlendi.

Fyrst og fremst er hann bókmenntalega mjög erlendur. Árið 1997, þegar ég er byrja að skrifa, þá eru varla til glæpasögur þannig að Erlendur er útlendingur í íslenskum bókmenntum. Síðan er hann aðfluttur. Hann er ekki fæddur hér í borginni og líður eins og útlendingi. Það má túlka þetta nafn á ýmsa vegu.

Gestur í sal:

En hefur þú ekki skrifað leikrit fyrir svið?

Arnaldur:

Nei, ekki fyrir svið en ég hef gert leikgerðir fyrir útlarp úr fjórum sögunum.

Gestur í sal:

Hér hefur verið talað um fjölskylduna. Ég er ein af þeim sem les mikið af glæpasögum, útlenskum sem og þínum, og það er svo vandrötuð þessi fína lína þegar farið er að blanda fjölskyldu lögreglumannsins inn í söguþráðinn því þegar maður les glæpasögu þá vill maður láta segja sér sögu sem er spennandi. Það er mín ósk að þetta verði aldrei of félagsfræðilegt með Erlend og börnin.

Arnaldur:

Ég tek undir með þér með það. Algjörlega. En viltu meina að það sé það?

Gestur í sal:

Nei, en af því að þú ert búinn að segja að það verði fleiri sögur þá vildi ég setja fram smá ósk um þetta.

Arnaldur:

Ég lofa þér því.

Örnólfur:

Þú vilt ekki hleypa Evu Lind í meðferð?

Kristín:

Nei, Eva Lind er líka nauðsynlegt tæki. Hún er samskiptatæki Erlendar við ákveðna heima, undirheimana, þannig að hann fær upplýsingar. Er það ekki nauðsynlegt?

Arnaldur:

Jú, jú, það er rétt, en honum leiðist mikið þegar þessir glæpamenn eru að nefna hana á nafn.

Kristín:

En hún skaffar honum sambönd?

Arnaldur:

Jú, jú, hún gerir það.

Gestur í sal:

Varðandi mannanöfn í sögum þínum. Er Erlendur ekki manna ólíklegastur til að samþykkja svona tískunöfn á börnin sín eins og Eva Lind og Sindri Snær?

Arnaldur:

Jú, hann hefur mikinn ama af þeim. Hann vildi nefna stúlkuna eftir móður sinni, Þorbjörgu, minnir mig. En konan hans sagði að það væri kerlingarnafn.

Gestur í sal:

Þið voruð að tala saman áðan um málfræðina og þá í sambandi við Bettyju. Mig langar að vita hvort einhver erlendis sé búinn að velta fyrir sér hvort hægt sé að þýða bókina á þýsku til dæmis. Er það mögulegt?

Arnaldur:

Coletta Bürling, þýðandinn minn þýski, býr á Selfossi og er með gríðarlegan hausverk út af þessu. Þýskan býður ekki upp á þetta. Það er meira að segja flókið á íslensku þó að lögfræðingur geti verið bæði kona og karl þá þarf maður alltaf að skrifa lengri setningar og meiri lýsingar. Mér skilst á Colettu að þetta verði mjög erfitt fyrir Þýskaland.

Gestur í sal:

En ekki með enskuna? Hvað með Norðurlöndin?

Arnaldur:

Nei, ekki með enskuna ef á það reynir einhvern tímann. Ætli þetta sé

ekki svipað á Norðurlandamálunum og á íslensku.

Örnólfur:

Talandi um Þýskaland þar sem hafa selst gríðarlega margar bækur eftir þig. Hvernig gengur Þjóðverjum að átta sig á þessu séríslenska? Hver er sú mynd sem þeir fá af Erlendi og Íslandi?

Arnaldur:

Þeir eru steinhissa á þessum manni. Þjóðverjar halda að við séum öll hávaxin og ljóshærð. Svo fá þeir þennan mann sem þolir ekki miðnætursólina. Þeir skilja það ekki. Þeir spyrja um veðrið. Hörmulegt veður alla tíð; af því að þeir eru með þessa ofsalega fínu ímynd af Íslandi frá Gullfossi og Geysi. Þegar þeir setja kápu á *Mýrina* þá er þar gamall íslenskur burstabær, nítjándu aldar. Það er mjög gaman að hitta þá þegar þeir hafa lesið sögurnar. Þær kannski opna þeim aðeins nýja sýn á landið og þeim finnst mjög gaman að því.

Katrín:

Viðtökurnar eru í rauninni endurspeglun af því sem þú ert að fjalla um og þá kannski sérstaklega í *Röddinni* sem gerist á þessu hóteli. Þar kemur fyrir hugtakið ferðamanna-Ísland þegar Erlendur stendur inni í minjagripaverslun og er að horfa á allt þetta dót sem er þar til sölu um gamla tíma og er ekki í neinum tengslum við Ísland eins og við þekkjum það. Sérstaklega ekki eins og Erlendur þekkir það, þar sem er alltaf rigning, dimmt og kalt. Og meira að segja þegar hann fer á hótélherbergi þá er ofninn bilaður og þar er kalt. Þannig að þetta myndar skrýttinn kontrast, ferðamanna-Ísland og alvöru Ísland.

Arnaldur:

Algjörlega, og maður hefur akkúrat verið að vinna með það. Þá ímynd af Íslandi sem útlendingar hafa. Það er svolítið gaman að skjóta hana niður.

Örnólfur:

Þannig að þú ert að leggja áróður Ferðamálaráðs í rúst?

Arnaldur:

Gjörsamlega, við hvert tækifæri.

Kristín:

Það eru líka dálitlar andstæður í anddyrinu, þessu glæsilega uppljómaða jólaskreytta anddyri á hótelinu þar sem ferðamennirnir koma inn annars vegar, og svo þessu kalda herbergi Erlendar hins vegar, sem er þetta fangelsi hans og minnir á hríðina, kuldann og upplifunina.

Arnaldur:

Einmitt.

Samstarf við lögregluna

Örnólfur:

Mig langaði af því að ég veit að Karl Steinar Valsson er staddur hér inni, að biðja hann að segja frá þessu óvenjulega samstarfi á milli lögreglunnar og Gerðubergs í tengslum við þessa sýningu, sem við ætlum að skoða á eftir og þessa kynningu á verkum Arnaldar. Segðu okkur svolítið frá því.

Karl Steinar:

Við erum geysilega þakklátir fyrir að Gerðuberg skyldi eiga frumkvæðið að því að hafa samband við okkur og spyrja hvort við hefðum áhuga á því að fara í samstarf um sýningu í tengslum við Ritþing helgað verkum Arnaldar. Við settumst niður með starfsfólkinu til að bollaleggja hvað kæmi til greina og eiginlega kokgleyptum þessa hugmynd þeirra um að við myndum fara í það að reyna að finna vettvang úr bókum hans og búa til demó af vettvangi eins og okkur þætti að hann ætti að líta út. Það er svo ykkar að dæma um það á eftir hvernig til hefur tekist. Það sem við erum að reyna að gera er að gefa ykkur tækifæri til að sjá þessa hugmynd og hvernig aðkoma okkar mundi vera og hvað það væri sem við myndum reyna að gera og leita eftir. Aðeins að kynna líka starf lögreglunnar og reyna að svara spurningum og þar kemur inn þessi mannlega hlið á okkur sem Arnaldur er aðeins að gefa. Þannig að við erum mjög þakklátir fyrir að Gerðuberg skyldi muna eftir okkur og fá þessa hugmynd.

Örnólfur:

Svo verður reglubundin kynning á sýningunni, er það ekki?

Karl Steinar:

Jú, hópum gefst tækifæri til að fara um sýninguna með leiðsögn. Þá verður kannski farið dýpra ofan í hlutina. Það verður að vanda til af því að Arnaldur er mikið lesinn í grunnskólum og mér skilst að það sé nú þegar búið að bóka fleiri hundruð manns á þessar kynningar þannig að við þurfum að gefa okkur betri tíma í þetta en við gerðum ráð fyrir í upphafi. Það er greinilega mikill áhugi og það verður skemmtilegt að taka þátt í þessu. Það er hægt að snúa sér til þeirra í Gerðubergi og leiðsögnin er fyrir alla hópa og við reynum að liðsinna þeim eftir bestu getu.

Örnólfur:

Ef ekki eru brennandi spurningar þá langar mig að biðja hann Oddgeir að koma aftur upp og lesa fyrir okkur lýsinguna á kynningunni sem við ætlum að skoða á eftir.

(Oddgeir Eysteinnsson, les lýsingu.)


Örnólfur:

Þá vil ég þakka Hólmfríði Ólafsdóttur hér í Gerðubergi fyrir allan aðbúnað sem þessu Ritþingi hefur verið veittur, sýningarnar og allt það sem því tengist. Meðsýrlum mínum, Katrínu Jakobsdóttur og Kristínu Árnadóttur, fyrir að sitja hér með mér. En allan heiðurinn á þó náttúrulega Arnaldur og ég legg til að við klöppum fyrir honum. Ég hvet ykkur öll til að vera hér áfram og skoða sýninguna.



Umbrot og hönnun / Kristín Póra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2011

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



GERÐUBERG
Menningarmiðstöð